



# 61. Ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll

28. apríl 2018

Pingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSÍ  
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

## 15. gr. Kosning stjórnar HSÍ

Stjórn HSÍ er kosin á handknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 9 menn.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til ~~eins tveggja~~ áras, næst skal kjósa 4 stjórnarmenn til tveggja ára og skulu þeir kosnir beinni kosningu í viðkomandi embætti. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir.

...

## 16. gr. Verkaskipting stjórnar HSÍ

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim. Stjórnarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn HSÍ skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundum skal stjórnin skipta með sér verkum. ~~þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri, þriðji er ritari, fjórði er formaður dómaranefndar, fimmti er formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, sjötti er formaður landsliðsnefndar karla, sjöundi er formaður landsliðsnefndar kvenna og sá áttundi formaður mótanefndar.~~

...

### Bráðabirgðaákvæði

Á ársþingi HSÍ 2018 skal kjósa formann og stjórnarmenn til eins árs. Á ársþingi HSÍ 2019 skal kjósa meðstjórnanda, formann dómaranefndar, formann mótanefndar, formann landsliðsnefndar kvenna til eins árs en aðra til tveggja ára.

### Rökstuðningur:

Breytingin er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er verið að lengja kjörtímabil formanns í 2 ár frá árinu 2019.

Í öðru lagi er verið að leggja það til að stjórn HSÍ skiptir ekki lengur með sér verkum á fyrsta fundi heldur verði kosið beinni kosningu í öll embætti.

Breytingin mun taka gildi árið 2019 og því verða stjórnarmenn, sem eru í kjöri á ársþingi 2018, kosnir til eins árs. Á ársþingi 2019 verður svo kosið um öll embætti, 4 stjórnarmenn til eins árs og 4 til tveggja ára. Með því er tryggt til lengri tíma að ekki verði skipt út öllum embættum í senn.